

FYLGISKJAL NR. 1009

DAGS 30.11.2000

SAMANTEKT:

494. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar (Jónas Sigurðsson, Pröstur Karlsson, Hákon Björnsson, Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri og Anna. G. Björnsdóttir bæjarritari vann fundargerðina).

7. mál á dagskrá fundarins varðaði bréf lóðarhafa Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla sem dagsett var 24. nóvember 2000.

Þar fara lóðaleiguhafar fram á að fá að gera deiliskipulag á lóðum sem þeir eru með í leigu frá Mosfellsbæ.

Vísa eigendurnir (Ólafur Sigurðsson, eigandi Hjallabrekku, Finnur eigandi Hamrafells og Steinunn Marteinsdóttir eigandi Hulduhóla) til þess að í vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið hefur verið talað um þéttindu byggðar í Mosfellsbæ og segja þau að svæði á lóðum þeirra hafi verið nefnt í því sambandi. Leggja þau þetta til og telja nauðsynlegt að huga að heildarskipulagi á þessu svæði og helst áður en uppbygging hefst á Klapparhlíð og Skálahlíð.

Þar geta þau þess að á þessu svæði séu rúmlega 6 hektarar og hægt væri að byggja 25 til 30 íbúðir þar og fyrst og fremst í formi stórra einbýlishúsa. Höfðu þau hugsað sér fyrirkomulagið þannig að þau myndu sjá um að kosta skipulagsgerðina og útlhlutun lóðanna. Boðist var að greiða gatnagerðargjöld til bæjarins sem mundi sjá um gatnagerð.

Á fundi bæjarráðs var samþykkt með 3 atkvæðum að fresta málinu.

